



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 139/1258
komudagur 10.2.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 8. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar), 300. mál, stjórnarfrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um tekjuskatt (sjúkdómatryggingar), 300. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 20. janúar sl.

Í frumvarpinu er lagt til að bætur úr sjúkdómatryggingum sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 verði ekki skattlagðar, þrátt fyrir ákvæði skattalaga um skattskyldu. Forsaga málsins er sú að frá því að sala sjúkdómatrygginga hófst hér á landi um miðjan síðasta áratug síðustu aldar hefur af hálfu söluaðila slíkra trygginga verið farið með slíkar bætur sem skattfrjálsar væru. Skattalög gera hins vegar ráð fyrir að þessar bætur séu skattskyldar.

Í ljósi eðlis sjúkdómatrygginga og bótagreiðslna úr þeim telur LÍ að eðlilegra hefði verið að breyta skattalögum í þá veru að gera bætur úr þessum tryggingum skattfrjálsar í stað þess að undanskilja bætur úr sjúkdómatryggingum sem keyptar hafa verið á ákveðnu árabili. Sú breyting sem hér er lögð til er þó til hagsbóta þeim einstaklingum sem keyptu sjúkdómatryggingar í góðri trú um að bæturnar væru skattfrjálsar. LÍ telur því að breytingin sem í frumvarpinu felst sé jákvæð, svo langt sem hún nær.

Að öðru leyti telur LÍ ekki ástæðu til að tjá sig frekar um efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,
formaður